

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1124 Matorka ehf (IS-36071) Húsatóftir	Húsatóftum 240 Grindavík	Sveinbjörn Oddsson Rekstrarstjóri Ósk Sigvaldadóttir Sérfræðingur Stefanía Katrín Karlsdóttir Gæðastjóri			
Tilefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	25.9.2019	30.9.2019	2,50	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 7 skoðunatriða af 7. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 5 skoðunatriðum, þar af 1 Alvarleg frávik og 4 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

30.10.2019

Alvarleg frávik	Frávik
6.1.1 Mat á úrbótum	2.1.2 Framleiðsluskýrsla
	3.2.1 Eldisbúnaður
	3.3.1 Slysasleppingar
	5.1.1 Skipulag, þekking og þjálfun starfsfólks

Aðrar athugasemdir

Rúnar Ingi Tryggvason starfsmaður Matvælastofnunar var einnig viðstaddur eftirlitið.

Sest var niður með ábyrgðarmönnum og farið yfir skráningar og gæðaskjöl. Gengið var um stöðina, athugað með búnaðinn og í hvernig ásigkomulagi hann væri. Það kom í ljós að ekki var til staðar búnaður til að endurheimta fisk ef stök ætti sér stað, þrátt fyrir að Matvælastofnun hafi bent á að hann þyrfti að vera það í síðasta eftirliti 2017. Og er því sett Alvarlegt frávik á mat á úrbótum. Einnig fannst niðurfali sem var ekki lokað með hlíf eða grind ásamt því að ekki var seinni vörn í frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun bærust úrbætur 25.9.2019 á:
Viðbragðsáætlun vegna slysasleppingar.
Uppfærð þjálfunarskrá starfsmanna.

Frestur til úrbóta er til og með 30.10.2019

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnsýslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun."

Starfsstöð

Matorka ehf (IS-36071) Húsatóftir
Húsatóftum
240 Grindavík
Staða: Í gildi
Kennitala: 5004120540

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - Klak - Klakstöð

Tengiliðir

Stefanía Katrín Karlsdóttir	8626519	stefania@matorka.is	Gæðastjóri
-----------------------------	---------	---------------------	------------

2 - Leyfi

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7.gr. laga nr. 71/2008 og 34. gr. í reglugerð 1170/2015

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

Frávik

Sett inn: 26.09.2019

Framleiðsluskýrsla var ekki skilað inn fyrir 1.febrúar 2019 eins og á að gera samkvæmt 47.gr. í Reglugerð um fiskeldi(1170/2015).

Hún barst Matvælastofnun 18.2.2018. Einnig vantaði meðalþyngdir í framleiðsluskýrsluna.

3 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

3.2 - Landeldi

3.2.1 Eldisbúnaður

Frávik

Sett inn: 26.09.2019

1. Ekki var hlíf eða grind fyrir niðurfalli inn í seiðahúsi, Auknar líkur á stroki ef flæðir uppfyrir eða fiskur stekkur uppúr kari. Sjá mynd 1

2. Ekki er seinni vörn í frárennsli stöðvarinnar. sjá mynd 2

14.gr. reglugerð um fiskeldi (1170/2015)

Í rekstrarleyfi fiskeldisstöðva á landi skal kveða á um að gildistaka þess sé háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Mynd 1



Mynd 2



3.3 - Slysasleppingar

37. gr og viðauki IV í reglugerð 1170/2015.

3.3.1 Slysasleppingar

Sett inn: 26.09.2019

Frávik

1. Uppfæra þarf tilkynningarskyldu í viðbragðsáætlun við slysasleppingum.
í Lögum um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat, úthlutun eldissvæða o.fl.). 14. gr.

2. Búnaður til að endurheimta fisk ef upp kemur strok, var ekki til staðar.

37. gr. og 4 viðauki í Reglugerð um fiskeldi

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

5.1.1 Skipulag, þekking og þjálfun starfsfólks

Sett inn: 26.09.2019

Frávik

Ekki er farið yfir viðbrögð við slysasleppingu í fræðslu og þjálfunarskrá starfsmanna.

45. gr. Reglugerð um fiskeldi (1170/2015)

6 - Úrbætur

6.1 - Úrbætur

Búnaður ekki til staðar til að endurheimta fisk. **Athugasemd ólagfærð frá síðasta eftirliti sem fram fór árið 2017.**

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi

4.1.1 Dagbókarfærslur

Hjörtur Methúsalemsson
hjortur.methusalemsson@mast.is
sérfræðingur í fiskeldi
5304800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.